



ÁRSSKÝRSLA IGI 2015



Stjórn IGI starfsárið 2015 – 2016

Formaður

Hilmar Veigar Pétursson, CCP

Varaformaður

Ólafur Andri Ragnarsson, Novomatics / Háskólinn í Reykjavík

Meðstjórnendur

Eldar Ástþórsson, CCP

Steinunn Anna, Locatify

Stefán Gunnarsson, Solid Clouds

Burkni Óskarsson, Lumenox games

Stefán Álfsson, Jivaro

Í lok starfsárs 2015 – 2016 eru innan IGI, Icelandic Game industry, 12 fyrirtæki.

Starfandi eftir bestu vitund stjórnar IGI eru 18 tölvuleikjafyrirtæki á landinu. 5 nýjir leikir hafa komið út á þessu ári.

Uppsöfnuð velta tölvuleikjaiðnaðarins á árunum 2008 – 2015 eru 67 milljarðar og er meðalvöxtur iðnaðarins á ári 18%.

En þess má geta að gengi krónunnar á síðasta ári styrktist um 8%, því var vöxtur í erlendri mynt meiri en krónutalan gefur til kynna.

Velta IGI fer úr 3,7 milljörðum árið 2008 upp í 9,5 milljarða árið 2015. Sem segir okkur að með áframhaldandi vexti má áæla að árið 2022 verði veltan orðin 30 milljarðar hér á landi. Velta IGI árið 2015 var rúmlega 9,5 milljarðar. Miðað við meðalvöxtur greinarinnar síðustu ár má því áætla að velta IGI fyrir árið 2016 verði rúmlega 11 milljarðar.

Langstærsti hluti greinarinnar kemur erlendis frá. Heimurinn allur er því markaðssvæði leikjafyrirtækja sem er mikið tækifæri fyrir íslenskt hagkerfi. Iðnaðurinn er samstíga og öflugur, enda ekki í mikilli innbyggðis samkeppni um viðskiptavinum og tækifæri. Hins vegar má geta þess að verulega skortir á sérfræðingum í greininni hér á landi sem er áskorun.

Erlend hagkerfi hafa um árabíl verið að keppast um leikjaiðnað, enda er framleiðni per starfsmann há í greininni, laun há og skalanleiki mikill. Sem dæmi þá sýndi markaðsrannsókn SI það að framleiðni á starfsmann í leikjaiðnaði er tvöföld á við það sem hún er í upplýsingatækni almennt. Starfandi í UT á Íslandi árið 2013 voru 3.313 aðilar, 412 af þeim störfuðu í IGI fyrirtækjunum. Heildarvelta UT árið 2013 voru rúmlega 62 milljarðar, 9,7 milljarðar urðu til innan IGI fyrirtækjanna, IGI fyrirtækin (13 talsins) voru með 15,7% af veltu UT.

Tekjur ríkissjóðs af starfsemi IGI félaga kemur aðallega í formi staðgreiðslu starfsmanna, tryggingagjaldi og tekjuskatti af hagnaði fyrirtækjanna. Á árunum 2008 – 2013 voru skatttekjur hins opinbera 6,5 milljarðar, en veltan á þessu tímabili voru 46 milljarðar.

Launakostnaður per starfsmann á mánuði er talsvert hærrí hjá IGI fyrirtækjum en öðrum fyrirtækjum innan upplýsingatækni. Það er því ekki að undra að iðnaðurinn er eftirsóttur víðsvegar um heiminn og honum búið þannig skilyrði að sem flest þeirra verði til, vaxi og dafni á öllum stigum.

Haldnir voru 11 stjórnarfundir hjá IGI á þessu starfsári. Stjórnendum innan IGI fyrirtækja voru boðnir á þessa fundi þar sem þeir höfðu áheyrnarsæti og gátu komið með tillögur til stjórnar, haft áhrif á verkefni og lagt sitt að mörkum. Stjórn IGI var einnig dugleg að tala við fyrirtæki utan IGI, til að fá þá aðila inn í félagið til að þetta hópinn og auka á samstöðu innan greinarinnar.

Stefnumótun stjórnar IGI

IGI fór í stefnumótun, þann 27. – 28. maí í upphafi starfsárs 2015 þar sem iðnaðurinn kom sér saman um 10 verkefni sem unnið var að í vetur eftir skilgreindri forgangs röðun fyrirtækja innan IGI. Mikilvægasta verkefnið að mati tölvuleikjaframleiðenda voru eftirtalin. Í lok hvers verkefnis er rætt um framgang mála við gerð þessarar skýrslu.

VERKEFNI 1

ÞÖKIN AF ENDURGREIÐSLU Á RANNSÓKN OG ÞRÓUNARKOSTNAÐI

Að hækka þökin á endurgreiðslu rannsóknar og þróunar hér á landi. Þökin á Íslandi í dag eru 100 milljónir og er endurgreiðsluhlutfallið 20%. Hagkerfi víðsvegar um heiminn hafa hækkað endurgreiðslur sínar og er slíkur stuðningur nefndur hér beinn stuðningur við R&P – óbeinn stuðningur er skilgreindur sem stuðningur við rannsókn og þróun í gegnum skattaávilnanir. Leikjaframleiðendur leggja mikla áherslu á samkeppnishæfni landsins og telja að með því að afnema þökin af endurgreiðslu af rannsókn og þróun verði til hagkerfi í landinu í fremstu röð. Með afnámi þaks mætti freista þess að laða til landsins fleiri og stærri fyrirtæki. Með því myndu bæði heildarútgjöld fyrirtækja á Íslandi aukast og hlutur fyrirtækja í heildarveltu R&P. Íslensk fyrirtæki myndi síður fara úr landi með þróunarverkefni sín og erlendir sérfræðingar kæmu til landsins að vinna að áhugaverðum verkefnum, sem myndi hafa smitandi áhrif á þekkingu almennings í landinu. Hagkerfinu til hagsbóta.

Staða verkefnis: Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp fyrir ríkisstjórnina þar sem hann leggur til að þökin verða hækkuð upp í 300 milljónir. Málið fer nú í umsögn í nefnd og mun IGI vinna með Hugverkráði í að fá þökin mun hærra upp. Með jákvæðum umsögnum um mikilvægi þessarar aðgerðar. Jafnframt hefur IGI nýlokið rannsókn á beinum og óbeinum stuðningi við R&P í öðrum löndum. Rannsóknin er mikilvæg fyrir ferlið sem senn að fara af stað.

VERKEFNI 2

SKATTLAGNING UMBREYTNANLEGRA SKULDABRÉFA (SKATTLAGNING ELTI GREIÐSLUFLÆÐIÐ)

Á Íslandi eru umbreytanleg skuldabréf ekki notuð í neinum mæli eins og þau eru notuð t.d. í Bandaríkjunum. Ein ástæða þess kann að vera að umbreytanleg skuldabréf á Íslandi eru skattskyld á þann hátt að þau eru ekki eins eftirsóknarverð fyrir fjárfesti umfram t.d. hlutafé. Skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi er að mati IGI helsti veikleiki rekstrarumhverfis leikjaframleiðenda á Íslandi. Veikleikinn felst fyrst og fremst í uppbyggingu skattkerfisins sem er framhlaðið skattlagningu og mjög óhentugt þegar kemur að hvata til fjárfestinga og vinnu. Með framhlaðinni skattlagningu er átt við að greiðsluskylda myndast áður en raunhagnaður þ.e.a.s. greiðsluflæði liggur fyrir. Umbreytanleg skuldabréf falla að miklu leyti í sama flokk og kaupréttir á Íslandi, þ.e.a.s. þau virka ekki sem skyldi sem hvatatól eða fjármögnunartól. Erlendis eru umbreytanleg skuldabréf vinsæl leið til að fjármagna hugbúnaðar- og nýsköpunarfyrirtæki, sérstaklega á fyrstu stigunum þar sem óvissan er hvað mest. Tillaga IGI um breytingar á skattlagningu umbreytanlegra skuldabréfa miðar því að því að gera fjármögnun leikjaframleiðenda auðveldari og koma þessari leið inn í viðskiptaumhverfið hér á landi. Staða verkefnis: Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp þar sem skattlagningunni er breytt. Málið er á leið í nefnd og fær jákvæða umsögn frá IGI.

VERKEFNI 3

TVÍSKÖTTUNARSAMNINGUR VIÐ JAPAN

Er að koma á tvísköttunarsamningi við Japan. Þar sem íslenska ríkið stendur utan ESB er mikilvægt að það greini hið snarasta við hvaða ríki er nauðsynlegt að gera samninga um gagnkvæmar ívilnanir á sköttum erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sama skattstofni bæði á Íslandi og erlendis. Stjórn IGI bendir á mikilvægi þess að þrýst sé á Japan við gerð slíks samnings, þar sem Sony breytti útgreiðslureglum sínum nýverið og ákvað að greiðslur skyldu koma frá Japan. Til að sporna við því að leikjaframleiðendur sem margir hverjir treysta á Sony til dreifingar – fari úr landi eru íslensk stjórnvöld beðin að vinna sérstaklega í því að koma á samningi við Japan. Að auki eru RSK beðnir um veita undanþágu á skatti og sýni málefnum skilning. Sér í lagi þar sem hreyfing er komin á tvísköttunarsamningi þessara þjóða samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Fjármálaráðuneytinu. En samkvæmt 119. Grein laga 90/2003 segir: (5) Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun

á tekjur [-- -] skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum [-- -] sem skattskyldar eru hér á landi og er þá [ríkisskattstjóra]2) heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila, að lækka tekjuskatt [-- -] hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

Staða verkefnis: Rætt hefur verið við fjármálaráðuneytið sem og sendiherra Japan á Íslandi um málið. Eftir umræðurnar hefur málið þokast áfram að sögn ráðuneytisins. En vilji stjórnvalda hefur verið skýr, það hefur staðið á stjórnvöldum í Japan að setja málið í forgang. Einnig mátti heyra á fjármálaráðuneytinu að ekki hafi verið lögð nein sérstaklega mikil áhersla á tvísköttunarsamninga í þeirra vinnu á undanförunum árum, en ábendingar sem þessar kæmu málum áfram.

VERKEFNI 4

SKATTLAGNING KAUPRÉTTA (ELTI GREIÐSLUFLÆÐIÐ)

Dregið hefur úr notagildi kaupréttá á Íslandi með skattlagningu. Í dag eru kaupréttir á Íslandi skattlagðir sem tekjur og telst þá til skattskyldra tekna mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur (Lög um tekjuskatt, 2003). IGI leggur til sambærileg lausn og varðandi umbreytanlegu skuldabréfin þ.e. að horfið sé frá framhlaðinni skattlagningu í þeirri mynd sem hér hefur verið lýst og að skattlagningu sé frestað fram að sölu bréfanna eins og tíðkast í flestum ríkjum sem Ísland ber sig saman við. Á Íslandi geta þeir einstaklingar sem þiggja kauprétt þurft að taka lán til þess að geta nýtt kaupréttinn og staðið undir skattbyrðinni og síðan getur það einnig gerst að virði kaupréttarins er neikvætt eða minna virði en skattgreiðslan sagði til um ef bréfin lækka síðan í verði fram að sölu. Kaupréttir hafa sögulega séð verið mikilvægt tól við fjármögnun og til þess að laða þekkingu og hæfileika að hugbúnaðar- og sprotafyrirtækjum þykir mikilvægt að breyta þessu.

Staða verkefnis: Fjármálaráðherra hefur sett tillöguna inn í frumvarp sem hann hefur lagt fram á ríkisstjórnarfundi.

VERKEFNI 5

YOSMA BIRD TIL ÍSLANDS

IGI leggur til að stofnaður verði tveir nýjir fjárfestingasjóðir í anda Yosma Bird, til að efla fjármögnunarumhverfi og bæta tengsl, og markaðssetningu inn á erlenda markaði. Tillagan er til þess fallin að gera fjármögnunarumhverfi á Íslandi fyrir iðnaðinn fullnægjandi ásamt því að efla tengsl og markaðssetningu á vörum okkar erlendis. Lagt er til að sjóðirnir verði tveir. Sjóður A væri þá með fjárframlagi frá ríki/lífeyrissjóðum og erlendum ríkissjóði. Hann væri þá til þess fallinn að koma íslenskum frumkvöðlum á bandarískan markað til dreifingar. 20 – 150 milljóna króna styrkur á 2-3 ára tímabili. Tengiliðir við sjóð vinna að því að koma á tengingu við dreifingar og markaðsaðila í USA til að koma vörum á markað. Sjóðurinn greiðir helming af kostnaði, Sjóðurinn fær réttahafgreiðslur frá þeim verkefnum sem njóta velgengni. Íslensk fyrirtæki gætu notað samsartíð til að senda starfsfólk til erlendra samstarfsaðila til þjálfunar. Sjóður B – yrðu stærri fjárfestingasjóður og myndi yta undir virkt fjármögnunarumhverfi á Íslandi. Sjóðurinn þarf að uppfylla: íslenskur framtaksfjárestir í þjálfun, erlendum framtaksjóðum, íslenskt fjárfestingafélg eða banki. Ríkið býður t.d. 2 á móti 1 mótframlag. Aðdráttaraf f erlenda sjóði. Ríkið tekur 40% eignarhlutfall en býður hluthöfum að kaupa sig út ódýrt, ásamt því að bjóða árlega vexti eftir 5 ár ef sjóðurinn skilar hagnaði.

Ísraelskt sprotaumhverfi stóð frammi fyrir svipuðum vandamálum í lok níunda áratugarins og ríkir hér. Árangur af BIRD og Yozma verkefnum er mjög aðdáunarverður og Ísrael mælist nær alltaf í öðru sæti á eftir Bandaríkjunum þegar kemur að aðgengi að framtaksfjármögnun. Það liggur því beint við að skoða módel eins og Yozma módelið og til viðmiðunar er hægt að skoða árangur af nýrri útfærslu af Yozma módelinu sem sett var á lagginnar í Írlandi.

BIRD verkefnið sem var á milli ísraelska frumkvöðla og bandarískra markaðs- og dreifingaraðila virkaði þannig að þeir sem fengu styrki fengu á bilinu 500 þúsund til eina milljón dollara á tveggja til þriggja ára tímabili. BIRD tengiliðir unnu svo að því að opna tengingar inn í Bandaríkin við dreifingar- og markaðsaðila til þess að koma vörum fyrirtækjanna á alþjóðlegan markað. Þá var það gulrót fyrir bandarísku aðilana að BIRD greiddi helming af þeirra kostnaði við verkefnið. BIRD verkefnið fékk síðan einskonar réttahafgreiðslur (e. royalties) tilbaka frá þeim verkefnum sem nutu velgengni. Lausnin var hugmynd sem fæddist í fjármálaráðuneyti Ísrael og var nefnd Yozma sem er hebreska og þýðir frumkvæði. Hugmyndin var sú að ísraelska ríkið myndi fjárfesta

100 milljón dollurum til að koma á laggirnar tíu framtakssjóðum (e. venture funds). Til þess að uppfylla kröfur ríkisins varð hver sjóður að hafa fulltrúa frá þremur sviðum: Ísraelskum framtaksfjárfestum í þjálfun, erlendum framtakssjóði og Ísraelsku fjárfestingarfélagi eða banka.

Staða verkefnis: Verkefnið hefur verið kynnt fjármálaráðuneyti, Sendiherra Bandaríkjana á Íslandi og sendiherra Ísraels fyrir Ísland og Noreg. Sérfræðingur á vegum Ísrael er væntanlegur til landsins á þessu ári til að koma með tillögur að útfærslu og kynna sérfræðingum á vegum SI leiðirnar betur, sem og ráðherrum sem ákveða að taka málið áfram. Verið er að vinna í að fá Ragnheiði Elínu iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til að taka málið áfram hjá sér. En talsverður undirbúningur hefur legið að baki – þar sem módelið er flókið og þarf að vera vel útfært. Ráðgjafandi aðilar í því hafa verið Rannís, VC sjóðir á Íslandi og fleiri. Tryggvi Hjaltason sérfræðingur leiðir vinnuna ásamt viðskiptastjóra IGI.

Verkefni 6

Greina stuðning við leikjaiðnað í öðrum löndum

Greina stuðning við leikjaiðnað í öðrum löndum - Finnlandi, Kanada, UK, Holland, Ísrael, Írlandi, Samtök iðnaðarins gerði greiningu á beinum og óbeinum stuðningi við R&P þar sem gerður er samanburður á milli landa.

Tvær leiðir eru í boði:

1. Að IGI geri greininguna sjálfir og lobbyeri fyrir því við stjórnvöld.
2. Að ríkisstjórnin skipi framkvæmdanefnd um bættu samkeppnisstöðu Íslands sem leggur fram framkvæmdaáætlun byggða á greiningu þess stuðnings sem önnur lönd veita iðnaði á þessu sviði. Greining sem þessi leiðir í ljós stöðu landsins í samanburði við helstu samkeppnislönd, hvað þarf til að bæta samkeppnisstöðu landsins í þessari atvinnugrein. Lagt er til að nefndin starfi undir fjármálaráðuneytinu og í nánú samstarfi við verkefnishóp sem forsætisráðuneytið skipaði til að fara yfir ívilnanir (í framkvæmdaáætlun vísinda og tækniráðs / sjá liður 1.6. í stöðuskýrslu um aðgerðaráætlun Vísinda og tækniráðs 2014- 2016). Verkefnið gæti verið samstarfsverkefni IGI, SI og fjármálaráðuneytisins. Að nefndin hefji störf haustið 2015 og verði skipuð 9 nefndarmönnum/konum. Tillaga IGI er að nefndina skipi aðilar frá fjármálaráðuneyti, forsætisráðuneyti og atvinnu og nýsköpunarráðuneyti. Aðilum frá SI og tveim stjórnarmönnum IGI, auk nokkurra sérfræðinga. Að nefndin starfi í eitt ár í senn og gefi frá sér skýrslu á þriggja mánaða fresti um leikjaiðnað og skattaívilnanir í öðrum löndum.

Staða verkefnis: Seinna verkefnið hefur verið kynnt fjármálaráðuneytinu. En IGI mun líklegast færa verkefnið til sín, þar sem ekki hefur tekist að selja verkefnið ráðuneytinu. Það er án efa skilvirkast og fer af stað með næstu stjórn. Almennur stuðningur við R&P hefur verið framkvæmdur. Forsendur tillagna munu byggja á henni og nánari rannsókn á stuðningi við leikjaframleiðslu í öðrum hagkerfum sem gera vel í þessum efnunum.

VERKEFNI 7

ÖFLUN OG MIÐLUN HAGTALNA Í GREININI, FLOKKUN HAGSTOFU / GÖGN UM GREININA

Í dag eru flest fyrirtæki innan IGI flokkuð sem ISAT 62.010 (hugbúnaðargerð) en samkvæmt ISAT. IGI leggur áherslu á að sér flokkur verði gerður fyrir tölvuleikjaframleiðendur og hefur Hagstofan samþykkt að stofna undirflokk undir hugbúnaðarframleiðslu, svo hægt sé að draga fram umfang greinarinnar af vef Hagstofunnar. Í dag re hins vegar ekki hægt að aðgreina leikjafyrirtækin frá öðrum hugbúnaðarfyrirtækjum.

Staða verkefnis: Hagstofan hefur samþykkt að búa til undirflokk undir hugbúnaðarframleiðslu, þar sem fyrirtækin færast ekki um flokk en hægt verði að draga þau sérstaklega út. Á þessu ári byrjaði Hagstofan að flokka Upplýsingatækni sérstaklega undir atvinnuvegaflokkuninni Vísindi og tækni. Það er einn liður í aðgerð okkar.

Til að fá upplýsingar um umfang greinarinnar veitti Hagstofan samþykki á að veita gögn til SI um IGI fyrirtækin með skriflegu samþykki IGI fyrirtækjanna, þar sem fáir starfa í greininni. Þessar upplýsingar liggja að baki hagtölugerðar SI og IGI og hefur uppfærsla á þeim farið fram einu sinni á starfsári stjórnar.

VERKEFNI 8

ENDURGREIÐSLA Á R&P BREYTA ÚTGREIÐSLU

Endurgreiðsla á Rannsóknar og þróunarkostnaði- breyta útgreiðslu.

Tillagan lítur að því að í stað þess að fyrirtækin fái endurgreiðslu í nóvember ári eftir samþykkt, myndist strax inneign hjá ríkissjóði. Hugmyndir byggir á því að vera ákveðin fjármögnunarleið fyrir nýsköpunarfyrirtæki í vexti og getur haft mikla þýðingu í því að koma fyrirtækjum úr þriðju deild í þá fyrstu.

Staða verkefnis: Verkefnið var kynnt fyrir fjármálaráðuneytinu. Ekki hefur orðið breyting á þessu máli í dag. Þessu verður fylgt eftir á næsta ári. En talsvert er hægt að gera til að yta þessu verkefni betur áfram.

VERKEFNI 9

EFLA TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐ OG EYRNAMERKJA UPPHÆÐ LEIKJAFRAMLEIÐENDUM

Markmiðið með því að efla tækniþróunarsjóð – 4 milljarða og eyrnamerkja leikjaframleiðendum 200 milljónir er til þess fallið að styrkja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar og miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi ennfrekar. IGI mælist til þess að tækniþróunarsjóður fái 4 milljarða til sín árið 2017. Stefnt er að því að hann fái 2,3 milljarða 2016 samkvæmt aðgerðaráætlun vísinda og tækniráðs.

Jafnframt er þess óskað að hluti fjárframlaga sem vísinda og tækniráð setur í framkvæmdaátælnu sína verði eyrnamerkt leikjaframleiðslu, eða sett verði á stofn samkeppnissjóður líkt og þekkist í öðrum arðbærum iðnaði hér á landi. Má þar nefna Verkefnasjóð sjávarútvegsins, Rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs, Orkusjóð o.fl.

Staða verkefnis: Gerð var umfangsmikil samanburðarskýrsla á stuðningi við R&P í landinu sem er undirstaða þessa vinnu. Nýr formaður tækninefndar vísinda og tækniráðs verður beðinn um að taka málið áfram.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir fjármálaráðuneytinu og er í skoðun. Opinberun hagtalna í IGI greininni, er lyklatríði til að fá þetta fram og verður kynnt á aðalfundi samtakanna.

VERKEFNI 10

ERLENDIR SÉRFRÆÐINGAR TIL LANDSINS AÐ STARFA Í LEIKJAIÐNAÐI

Ísland er í 70. sæti að laða til sín erlenda sérfræðinga og margir hnökror eru á útlendingalöggjöfinni tengt því að fá erlenda sérfræðinga til landsins. Enginn skattaafsláttur er í landinu fyrir erlenda sérfræðinga, en það er fylgni á milli hæfileika landa til að laða til sín sérfræðinga og skattaávilnana til þeirra.

Staða verkefnis: Fjármálaráðherra hefur lagt fyrir ráðherra frumvarp um skattaafslátt fyrir erlenda sérfræðinga, þar sem hann fer sænsku leiðina í þeim efnum. Málið fer nú í umsögn í nefnd og munum við vinna í jákvæðni tengt þessari leið. Rannsókn gerð á vegum IGI opnaði augu ráðherra fyrir málinu. Einnig hefur SI verið í vinnu með innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti varðandi frumvarp sem lagt var fram fyrir á ríkisstjórnarfundum á dögunum. Ein umsögn hefur verið gerð um málið og fjölmargir vinnufundir átt sér stað þar sem viðskiptastjóra og sérfræðingi á mannauðs og menntasviði SI var boðið að koma að vinnu lagafrumvarps á meðan lögin voru skrifuð. Miklar jákvæðar breytingar verða í kjölfar breyttra laga. Vinnueftirlitið og Útlendingastofnun hafa nú þegar tekið upp á því að vinna samhliða í umsóknum sem flýtir innflutning á erlendu vinnuafli töluvert. Dæmi er um að ferlið hafi tekið 3 vikur eftir samvinnu þessara stofnana sem er jákvætt.

Önnur verkefni á borði IGI sem unnið hefur verið að í vetur:

Samfélagsmiðlar og IGI

Facebook síða IGI var búin til í vetur til að ná til almennings – þar sem fréttir af fyrirtækjum hafa verið í umræðunni. Áherslan á næsta ári er að dýpka skilaboðin, skilgreina fagaðila, ná þeim inn á síðuna og byrja að mæla árangur síðunnar.

Heimsasíða IGI hefur verið í endurgerð og áætlað er að hún fari í loftið aðalfundardag. Þar má lesa um: Hagtölur greinarinnar, áherslumál, fyrirtækin o.fl. Unnið verður í síðunni á næsta starfsári, þar sem hún verður þróuð ennþá frekar í takt við stefnu stjórnar.



Nordic Game institute

Jónas Björgvin Antonsson hefur setið í stjórn NGI ráðsins fyrir hönd IGI á þessu starfsári. Þar inni hefur hann unnið ótullega í að styðja við starfsemi norrænna leikjaframleiðenda. En aðilar að ráðinu eru frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Ráðið gætir hagsmuna yfir 350 fyrirtækja í þessum fimm löndum, en talið er að starfsmenn fyrirtækjanna séu allt að 4.500 talsins.

Fyrir tilstilli Jónasar samþykkti NGI að styrkja næsta Slush Play Reykjavík um 200 þúsund danskar krónur. Einnig fékk IGI úthlutað 33 miðum á Nordic Game ráðstefnuna í Malmö. IGI auglýsti miðana til félagsmanna, annarra fyrirtækja í leikjaiðnaði á Íslandi, aðila innan háskóla og stjórnsýslu. Jónas hefur verið mikill fengur fyrir íslenskan iðnað í þessari stöðu og unnið náið með viðskiptastjóra IGI.

Slush Play Reykjavík

Slush Play Reykjavík var haldið í fyrsta sinn í þann 28. apríl í fyrra. Formaður IGI ásamt öðrum leiðtogum innan greinarinnar unnu með Icelandic Startups sem sáu um framkvæmd Slush að gera viðburðinn að veruleika. Fyrirhugað er að halda Slush Play aftur á Íslandi í 29. – 30 september á þessu ári. Þema ráðstefnunnar verður sýndarveruleiki. Icelandic Startups sjá um framkvæmd ráðstefnunnar í góðri samvinnu með IGI og fyrirtækjum innan félagsins. Ráðstefnan verður að hluta til styrkt af Nordic Game Institute.

Game creator

Keppnin um besta tölvuleikinn var haldin í fjórða sinn þann 3. mars 2015. Liðið Demon Lab hlaut fyrstu verðlaun fyrir leik sinn tiny Knight. Tilgangur Game Creator er að efla nýsköpun í íslenski leikjaframleiðslu og gefa nýju fólki og liðum tækifæri á að koma fram og kynna hugmyndir sínar. Stjórnin ákvað að efla keppnina ennfrekar á næstu misserum, hafa keppnina annað hvert ár. Að vinningslið skili skýrslu um framgang verkefna og þar komi fram skýrt hvernig IGI getur veitt meiri stuðning við sigurvegara eftir keppni. Slík eftirfylgni eykur einnig líkur á að verkefnið þróist í rétta ár.

Demon Lab heitir nú Convex games. Fyrirtækið hefur gefið út leik sinn og eru nú stjórnarmeðlimir að fara í hlutverk ráðgjafa/mentora fyrir þetta áhugaverða teymi sem hefur gert ótrúlega hluti á skömmum tíma. Viðskiptastjóri vinnur með teyminu, líkt og öðrum IGI fyrirtækjum. En verðlaun keppinnar eru m.a. peningastyrkur og aðild að IGI í 2 ár.

Verkefnið heldur áfram að mótast með nýrri stjórn IGI.

Hagnýting internetsins, vinnuhópur á vegum Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis.

Ólafur Andri Ragnarsson varaformaður IGI hefur unnið ótullega í starfshóp ráðuneytisins að opna augu stjórnsýslunnar fyrir tækifærum í framtíðinni tengt greininni. Hlé hefur verið gert á starfi hópsins, en fyrirhugað er að setja hann af stað aftur. Innan hópsins eru tilnefndir aðilar m.a. úr öðrum starfshópum innan hugverkasviðs SI og aðilar frá ráðuneytum. Formaður hópsins er Jón Þór Pírati.

Utmessan

Fyrirtæki í leikjaframleiðslu voru áberandi á Utmessunni á dögum. Samtök iðnaðarins settu upp Tæknistigann í samvinnu við Icelandic Startups, þar sem stiginn endurspeglar fjölbreytileika hugverkagreina, stærð iðnaðarins og tækifæri. Á meðal fyrirtækja í Tæknistiganum voru CCP, Radiant Games, Lumenox Games, Locatify og Plain Vanilla, Aldin dynamics. Til að benda á hagtölur greinarinnar (UT) var unnið með forrit Plain Vanilla – og búið til Quizup spurningaleikur, þar sem tveir verðlaunahafar voru dregnir út og fengu utanlandsferð frá Icelandair að launum fyrir þekkingu sína.

Tækni og hugverkþing

Á Tækni og hugverkþingi þann 4. desember kom í ljós öflug vinna IGI, þar sem stjórnin kom málefnum greinarinnar vel áfram á sameiginlegri stefnumótun hugverkagreina fyrr á árinu sem haldin var á sameiginlegum vettvangi innan SI; Hátækni og sprotavettvangi. Ólafur Andri varaformaður IGI situr í stjórn vettvangsins fyrir hönd IGI. Stjórn IGI lobbyaði fyrir stefnumálum á sameiginlegri stefnumótun, 5 af verkefnum stjórnar út frá stefnumótun komust á lista vettvangsins. Á Tækni- og hugverkþingi þann 4. desember kynnti Bjarni Benediktsson opinberlega að hann ætlaði að vinna í frumvarpi þar sem hann ætlar að breyta; skattlagningu umbreytanlegra skuldabréfa, skattlagningu kaupréttá, setja á skattaávilun til erlendra sérfræðinga, hækka þökin af rannsókn og þróun og setja á skattaávilun fyrir fjárfesta í nýsköpun. Lesa má ræðu hans hér:

https://www.fjarmalaraduneyti.is/radherra/raedur_og_greinar/raeda-fjarmala-og-efnahagsradherra-a-tækni-og-hugverkathingi-4-desember-2015

En þessi atriði eru einmitt atriði sem IGI hefur lagt áherslu á í sínu starfi í vetur. Loforðin hafa nú verið kynnt ríkisstjórn og fara í umsagnarferli á næstu vikum. IGI fagnar aðgerðum fjármálaráðherra í þessum málum.

